

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
forstöðumaður  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13 OKT. 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. október 2009  
UST20090700099/abg

## **Efni: Tillaga að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020 Tillaga að breyttu deiliskipulagi hesthúsahverfis við Dagmálholt í Grindavík**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 17. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2000–2020 og tillögu að breyttu deiliskipulagi hesthúsahverfis við Dagmálholt í Grindavík. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hafi áður veitt umsagnir um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur vegna umrædds hesthúsahverfis. Fyrst 20. febrúar 2007 og síðar 19. september 2007.

### **Aðalskipulagsbreyting**

Ný tillaga að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2000 – 2020 felur í sér skipulag hesthúsahverfis, þ.m.t. hesthúsa, reiðhallar, skeiðvalla, beitarhólfs og aðkomuvegar við Dagmálholt. Einnig gerir skiplagið ráð fyrir aðkomuvegi og bílastæðum.

### **Náttúruminjar**

Hesthúsahverfið verður staðsett á svæði þar sem eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt greininni skal forðast röskun eldhrauna eins og kostur er. Í fyrri umsögnum stofnunarinnar hefur stofnunin lagt áherslu á verndun jarðmyndana og var komið til móts við tillögur Umhverfisstofnunar að miklu leyti. Í umræddu erindi Grindavíkurbæjar hefur orðið mikil breyting frá fyrri tillögun og eru lagðar til enn meiri skerðingar á eldhraunum en í fyrri tillögum. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða óæskilega breytingu frá fyrri áætlunum enda er gert ráð fyrir umtalsverðu raski á jarðmyndunum. Leggja ætti ríka áherslu á skerða eldhraun eins lítið og kostur er og staðsetja hesthúsahverfi utan eldhrauna.


### **Trjárækt**


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda óheimil á fyrrgreindum eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem fyrirhuguð trjárækt er við jaðar hraunsvæðis telur Umhverfisstofnun æskilegt að notast verði við innlendar trjátegundir sbr. 3. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Að mati

Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í deiliskipulagi hvers konar trjátegundir notast verði við.

Að öðru leyti en því sem hér að framan greinir gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrrgreinda tillögur að breytingu á deili- og aðalskipulagi sveitarfélagsins..

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna  
Guttormsdóttir

  
Olafur A. Jónsson

Afrit sent til Skipulagsstofnunar